

# Breyting á lögum um mannvirki

## Júní 2018

Ásta Sóley Sigurðardóttir  
Lögfræðingur  
Mannvirkjastofnun



# Almennt

- Frumvarp til breytingarlaga samþykkt á Alþingi þann 6. júní 2018
- Lögin tóku gildi 25. júní 2018
- Ákvæði 12. og 15. gr., sem fjalla um eigin áfangaúttektir byggingarstjóra, taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2019
- Ekki búið að uppfæra heildarlögin en það má finna breytingarlögin á vef Alþingis, undir *Lagasafn og Nýlega samþykkt lög*



# Meginmarkmið

- Lækka byggingarkostnað
- Einfalda stjórnsýslu
- Auka innra eftirlit byggingarstjóra og hönnuða
- Skerpa ákvæði, m.a. um grundvöll eftirlits MVS með byggingarstjórum, hönnuðum og iðnmeisturum
- Fresta faggildingarkröfu til 1. janúar 2021



# Byggingarleyfið

- Skyld að skila aðaluppdrætti við umsókn um byggingarleyfi en heimilt að skila séruppdráttum síðar, í síðasta lagi áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst
- Ávallt heimilt að skila öllum uppdráttum strax við umsókn um byggingarleyfi



# Byggingarleyfið

- Þarf ekki að skila ábyrgðaryfirlýsingum stálvirkja-, blikksmíða-, veggfóðrara- og málrameistara fyrr en vinna við viðkomandi verkþátt hefst
- Ekki skylt að tilkynna um fyrrgreinda meistara vegna byggingar eða viðhalds íbúðar- eða frístundahúss eða bílskúrs til eigin nota



# Byggingarstjóri

- Aukin áhersla á innra eftirlit byggingarstjóra:
  - Gera sjálfir áfangaúttektir (frá jan. 2019)
  - Halda utan um skráningu iðnmeistara í gæðakerfi
  - Skrá iðnmeistaraskipti í gagnasafn MVS



# Áfangaúttektir

- Byggingarstjórar gera sjálfir áfangaúttektir
- Byggingarfulltrúi getur ákveðið að gera þær sjálfur, það er heimilt ef:
  - þörf þykir á eða
  - vegna vanrækslu byggingarstjóra
- Það geta verið:
  - Úrtaksskoðanir
  - Allar áfangaúttektir
- Tekur gildi í **janúar 2019**



# Áfangaúttektir

- Byggingarstjóra skylt að vera viðstaddur úttekt en er þó heimilt að tilnefna annan aðila ef sérstaklega stendur á:
  - t.d. vegna veikinda
  - verður að vera annar byggingarstjóri með starfsleyfi sem er tilnefndur
  - Skýrt og afmarkað skriflegt umboð frá byggingarstjóra
  - Má ekki senda annan í sinn stað með öðrum hætti eða vegna anna, fjölda verka o.þ.h.



# Hönnuðir

Innra eftirlit hönnuða aukið:

- Áður en hönnunargögn eru lögð fyrir byggingarfulltrúa skulu hönnuðir fara yfir eigin verk og ganga úr skugga um að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt
- Hönnuðir skrá niðurstöður innra eftirlits í gæðastjórnunarkerfi og skal gátlisti eða önnur staðfesting á yfirferð fylgja hönnunargögnum



# Eftirlit Mannvirkjastofnunar

- Fáar tilkynningar frá byggingarfulltrúum um að byggingarstjórar, hönnuðir eða iðnmeistarar fari ekki að lögum eða hafi sýnt af sér vanrækslu
- Því getur Mannvirkjastofnun nú fylgst með frammistöðu þeirra í rafrænu gagnasafni með tilkomu byggingargáttar og séð hvort viðkomandi aðilar brjóti af sér eða sýni vanrækslu



# Eftirlit Mannvirkjastofnunar

- Gera skal úttekt á gæðastjórnunarkerfum
  - Ef það koma ítrekaðar athugasemdir í skoðunarskýrslum
  - eða vart verður við vanrækslu eða brot á lögum með öðrum hætti
- Heimilt að fela faggiltri skoðunarstofu að gera úttektir á gæðastjórnunarkerfum



# Eftirlit Mannvirkjastofnunar

- Ef gæðastjórnunarkerfi uppfylla ekki kröfur laga og reglugerða er gefinn kostur á að bæta úr
  - nema um alvarlegt brot sé að ræða
    - áminning/svipting starfsleyfis
- Ef ekki er bætt úr gæðastjórnunarkerfi
  - áminning/svipting starfsleyfis



# Frestun á faggildingarkröfu

- Kröfu um að byggingarfulltrúar öðlist faggildingu til að fara yfir hönnunargögn og annast úttektir er frestað til 1. janúar 2021
- Þarf þó ekki faggildingu til að gera áfangaúttektir



# Aðrar breytingar

- Gerðar eru vægari kröfur til starfsreynslu skoðunarmanna:
  - Skoðunarmaður II þarf nú eins árs starfsreynslu í stað þriggja ára
  - Skoðunarmaður III þarf nú fimm ára starfsreynslu í stað sjö ára
- Iðnmeistarar skulu nú hafa afrít af ábyrgðaryfirlýsingum í gæðastjórnunarkerfum sínum



# Hér erum við!



# Umræður

Mannvirkja  
stofnun

